

Nefndarsvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 3. desember 2014

**Efni: Umsögn félagsmálaráðs Akureyrarbæjar vegna tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra, þingskjal 52 - 52. mál.**

Félagsmálaráð Akureyrarbæjar fagnar öllum hugmyndum að bættri geðheilbrigðisþjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.

Á síðasta þingi var samþykkt þingsályktun um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar sem verið er að vinna að og einnig er Velferðarráðuneytið að vinna fjölskyldustefnu. Á alþingi er nú til umfjöllunar sameining þriggja stofnanna, Greiningarstöðvar, Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar og Heyrnar- og talmeinstöðvar. Hér eru á ferðinni mörg metnaðarfull verkefni sem skarast töluvert og nauðsynlegt er að tengja þau saman og skoða í samhengi þannig að þær ákvarðanir sem teknar eru verði markvissar og framtíðarsýnin verði skýr.

Það er ljóst að þjónusta við börn, fötlud og með geðrænan vanda þarf að efla og skýra verksvið félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu þannig að úr verði heildstæð þjónusta sem nær öllum viðfangsefnum, frá hinu almenna til hins sértæka. Það þarf einnig að tryggja aðgengi allra landsmanna að sambærilegri þjónustu.

Í þessari tillögu til þingsályktunar eru taldir upp sjö meginþættir sem vinna skal að. Afar mikilvægt er að verkaskipting stofnana og þjónustuaðila, jafnt heilbrigðisstofnana sem annarra, s.s. félags- og skólaþjónustu sveitarfélaga sé vel skilgreint, sbr. verkefni fjögur í þingsályktunartillögunni. Þetta er m.a. nauðsynlegt til þess að hægt sé að fylgja á markvissan hátt eftir þeirri þjónustu sem getið er um á verkefnum tvö og þrjú. Hvað börn á grunnskólaaldri varðar er augljóst að skimun á vanda og námskeið (verkefni 2 og 3) ætti að koma til framkvæmda á vettvangi grunnþjónustu sveitarfélaga, þ.e. hjá grunnskólum og sérfræðiþjónustu skóla. Afar mikilvægt er að aðgangur að fjölskyldumeðferð og viðtalsmeðferð sé aðgengileg fyrir þær fjölskyldur sem þurfa aðstoð án þess að vandinn krefjist þriðja stigs þjónustu. Félagsmálaráð bendir á að þessa þjónustu hefur sárlega skort til þessa m.a. á Akureyri og mjög brýnt er að úr því verði bætt. Skimanir hafa verið gerðar, námskeið til eflingar foreldrafærni eru víða í boði, en afar lítið framboð hefur verið á viðtalsmeðferð og fjölskylduráðgjöf hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga. Þetta hefur m.a. valdið því að álag á sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans og þá sérhæfðu geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn sem veitt er á Sjúkrahúsinu á Akureyri hefur verið meira en vera þyrfti.

Félagsmálaráð Akureyrar.  
Samþykkt 3. desember 2014.